

102. Fundur rekstrarnefndar Klausturhóla haldinn 13/1 2015 kl 13:00 í fundarsal Skaftárhrepps

Mætt eru á fundinn Kjartan Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Einar Bárðarson, Sigurlaug Jónsdóttir og varamaður í stað Sigurðar Árnasonar, Ragnheiður Hlín Símonardóttir og Rannveig Bjarnadóttir fulltrúi starfsmannan og Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri Klausturhóla.

Kjartan Formaður setur fundinn

Farið yfir verkefni síðasta fundar.

1. Vinna vinnuhóps um drög að samningi Hsu. Anna Gyða fer yfir stöðu mála á vinnu hópsins. Hópurinn hefur hist einu sinni en vinnu er ekki lokið.  
Vinna við skoðun á orkunotkun heimilssins er farin af stað og verður áfram unnið að skoðun á möguleikum í sparnaði í orkunotkun.  
Ekki hefur verið fundað með sveitarstjórn vegna viðskiptaskuldar heimilssins við Skaftárhrepp
2. Farið yfir rekstarreikning síðasta árs eins og hann er 9/1. Staða rekstursins er góð og lítur út fyrir að árið 2014 verði rekið með afgangi.
3. Starfsemi Klausturhóla.  
Anna Gyða fer yfir starfsemi heimilssins.

Breytingar hafa verið gerðar á greiðslutímabili yfirvinnu og vaktaálags starfsmanna.

Hjúkrunarforstjóri óskaði með bréfi til Velferðarráðuneytissins 11/11 2014 eftir breytingum á hlutfalli dvalar- og hjúkunarýma á Klausturhólum. Samkvæmt svaribréfi frá Velferðarráðuneytinu dagsett 27/11 2014 fellst ráðuneytið á beiðnina. Frá og með 1 janúar 2015 verða 16 Hjúkrunarrými í stað 15 áður og 2 dvalarrými í stað 4 áður og staða dag-/næturvistarrýma er óbreytt 1 rými.

Með bréfi dagsett 2/12 2014 frá framkvæmdarsjóði aldraðra hefur sjóðurinn samþykkt að ganga frá áður umsóttum styrkjum og hefur lokauppgjör vegna framkvæmda árána 2011-2012 og 2013 farið fram. Heildar upphæð styrkjanna var kr 2.364.650.-

Hjúkrun:

Skráning hefur verið bætt. Samstarf við lækni hefur verið gott. Anna Gyða er að skoða lyfjamál heimilssins er að fara vel yfir þau mál. Anna Gyða er að koma upp skráningarkerfi til að halda utan um heilsufar einstaklinga á heimilinu

ELM

HEB  
AMF

JHU  
EB

R.H.S

Hjúkrunarheimilinu barst tenging ljósleiðara inn á heimilið að gjöf frá Magnúsi Þorfinnssyni. Eftir er að klára að ganga frá ýmsum málum og fer fulltrúi nefndarinnar yfir þessi mál með tæknimönnum.

#### Brunamál

Farið hefur verið yfir brunavarnarkerfi og bíður kerfið nú úttektar af byggingafulltrúa og slökkvistjóra. Brunæfing verður haldin að lokinni úttekt.

#### Fasteignamál

Margt þarf að gera í viðhaldi fasteigna Klausturhóla. Fara þarf yfir og forgangsraða framkvæmdum. Ekki hefur verið tekið saman nákvæmlega hvað þarf að gera og þarf því að fara vel yfir þau mál. Rekstarnefnd samþykkir að fara betur yfir ferla viðhalds húsnæðis. Formaður nefndarinnar ræðir við umsjónamann fasteigna hjá Skaftárhreppi og fer yfir ferla vegna viðhald húsnæðisins.

Umræður um snjómokstursmál. Farið yfir það hvernig best væri að hafa þau mál. Samþykkt að formaður ræði við sveitarstjóra um hvernig fyrirkomulag snjómoksturs verði við heimilið.

#### Önnurmál.

Anna Gyða leggur fram bréf til formanns dagsett 12.janúar og óskar eftir endurskoðum á starfskjörum sínum.

Fulltrúi starfsmanna í nefndinni leggur fram kvörtun um að greiðslur vegna nefndarstarfa hafi verið teknar af fulltrúaanum. Nefndin samþykkir að fara yfir málið fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert á fundi.

Fundi slitið kl 14:45

Andri Snær Magnason  
Rannveig D. Björnsdóttir  
Sigrún Guðjónsdóttir  
Tómas Hildur Valsdóttir  
Elma Þorsteinsdóttir

Ragnheiður Elín Simonardóttir  
Hjörtur Þorsteinsson